



## Frá skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps

### Viðtalstími

Næsti viðtalstími sveitarstjórnarmanna verður miðvikudaginn 21. janúar kl. 17-19 í Ráðhúsinu. Til viðtals verða Guðfinna Steingrímsdóttir og Ólafur R. Ólafsson.

### Rafræn skjöl

Frá og með janúar 2015 munu reikningar og álagningaseðlar einungis verða sendir rafrænt. Reikningar verða þá aðgengilegir í heimabanka viðkomandi og álagningaseðlar á vefsíðunni island.is

Peir sem vilja eftir sem áður fá útprentaða reikninga eru velkomnir á skrifstofu hreppsins og þiggja kaffisopa á meðan við prentum út eintak.

### Endurbætur á höfninni

Áætlað er að endurbætur við höfnina hefjist fljótlega á þessu ári. Hafnarsamlag Norðurlands mun annast framkvæmdina. Áhugasömum er velkomið að hafa samband við skrifstofuna og fá nánari upplýsingar.

---

## Íbúafundur

Íbúafundur verður haldinn laugardaginn 14. febrúar 2015 kl. 10:30-12:00 í Valsárskóla. Kynnt verður skýrsla Framtíðarnefndar um samantekt fundar frá 1. nóvember s.l. Boðið verður upp á léttar veitingar.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps.

---

## Næstu rusladagar

22. janúar - Almennt sorp

5. febrúar - Almennt sorp

12. febrúar - Endurvinnsla

---

## Frá bókasafninu

Búið er að flytja mest af bókum á nýja staðinn. Hillur eru að potast upp og flestar skáldsögur komnar á sinn stað svo þetta er allt í rétta átt.

Opið er á sama tíma og áður mánudaga kl. 17 til 19

---

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 17. febrúar.

## Kirkjan

Kirkjuskóli fyrir 6-9 ára er í Valsárskóla eftir skólatíma kl. 13.20-14.00 eftirfarandi þriðju-daga nú á vorönn:

27. janúar	10. febrúar	10. mars	14. apríl
	24. febrúar	24. mars	28. apríl

Samverur verða sem hér segir í Svalbarðskirkju fyrir 10-12 ára krakka:

23. janúar kl. 15-16.30

20. mars kl. 15-16.30

Sunnudagaskólar í Svalbarðskirkju verða á eftirfarandi dögum:

22. febrúar kl. 11.00

29. mars kl. 11.00

10. maí Barnastarfhátíð í Laufási kl. 14.00

Fermingarsamverur á vorönn:

23. janúar kl. 17-20 í Svalbarðskirkju.

20. febrúar kl. 17-20 í Grenivíkurkirkju.

20. mars kl. 17-20 í Svalbarðskirkju.

Nánari upplýsingar veitir sr. Bolli í s. 864 5372 / [bolli@laufas.is](mailto:bolli@laufas.is)

## Álfaborg

Árið 2015 er gengið í garð og við í Álfaborg þökkum fyrir liðið ár. Það er einlæg ósk okkar að allir í sveitarfélaginu fagni nýju ári með gleði í hjarta.



Lífið í Álfaborg er að komast aftur í fastar skorður eftir uppbrot jólanna. Desember var eins og alltaf með ýmsum viðburðum, s.s. jólaföndri, smákökubakstri og jólagjafatíl-búningi og jólalög ómuðu í lofti. Börn úr Valsárskóla voru hér nokkra daga í desember og hjálpuðu til, skemmtu sér og okkur. Um miðjan mánuðinn förum við alltaf í Jólalús og í Kjarnaskóg til að sækja okkur jólatré. Börnunum finnst mjög gaman að vera þátttakendur í að velja tré, setja net utan um og bera það svo í rútuna. Þegar kemur að því að skreyta tréið gera börnin það að mestu leyti ein og sumar greinar eru vel þaktar jólaskrauti, aðrar minna en alltaf lukkast þetta vel og jólatréið okkar er stórglæsilegt á hverju ári.

Börnin í úti skólanum hittu Grýlu kerlinguna rétt fyrir jól, þegar hún fylgdi börnunum til byggða rakst hún á Bjössu húsvörð og kyssti hann ógurlega, börnunum fannst hún heldur býræfin og verður þessi koss lengi í minnum hafður.

Nú í janúar þarf starfsfólk að fara að huga að ýmsu, s.s. námskrárvinnu, Bóndadegi og undirbúa Dag leikskólans sem er þann 6. febrúar. Verið er að skipuleggja náms- og

kynniserð til Brighton nú í apríl komandi, sem er starfsfólkinu mikið tilhlökkunarefni. Við munum samt eftir blessuðum börnunum sem okkur er trúað fyrir hér í leikskól-  
anum og höldum áfram okkar daglega starfi með umhyggjuna að leiðarljósi. Í Álfaborg  
hlægjum við mikið, grátum svolítið og upplifum gleðina og þakklaetið hvern einasta dag.

Bestu nýárskveðjur  
Álfaborgarfólk

---

## Skólastarfið í Valsárskóla

Mánudaginn 2. febrúar hefjast þemavikur í Valsárskóla. Í þemavikunum verður unnið að undirbúningi árshátíðar og skólablaðs. Árshátíðin verður að þessu sinni í samstarfi við Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar og hafa nemendur hans æft nokkur lög til að flytja á árshátíðinni. Nemendur munu einnig sýna dans en Anna Breiðfjörð danskennari mun hefja dansnámskeið í skólanum þann 26. janúar.



Árshátíð skólans verður í sal Valsárskóla föstudaginn 13. febrúar og hefst hún klukkan 17:00.

Skólablaðið okkar kemur út í vor eins og síðasta ár. Í ár verður því dreift án endurgjalds í öll hús í sveitarfélaginu. Á næstu vikum safna nemendur auglýsingum í blaðið og rennur ágóðinn í ferðasjóð.

Bestu kveðjur úr skólanum okkar allra.  
Inga Sigrún Atladóttir, skólastjóri.

---

## Hunda- og kattafóður

Björgunarsveitin Týr er með umboðssölu á Belcando hundafóðri og Leonardo kattafóður.



Um er að ræða hágæða dýrafóður frá Þýskalandi sem dýralæknar mæla með og er meðal annars einnig selt í Dýrey á Akureyri. Allir leitarhundar björgunarsveitarinnar eru á þessu fóðri.

Með kaupum á hunda- og kattafóðri hjá okkur styrkir þú björgunarsveitina og færð einnig besta fóðrið fyrir besta vinninn.

Peir sem hafa áhuga á að skoða þetta fóður geta haft samband og við komum til ykkar með bækling á íslensku og fríar prufur. Þá er gott að láta fylgja upplýsingar um stærð hunds og hreyfiþörf.

Allar frekari upplýsingar gefa Aðalsteinn s: 848 7358 og Þorgils s: 896 3247. Einnig er hægt að hafa samband í tölvupósti á [tyr@internet.is](mailto:tyr@internet.is) eða á Facebook *Týr hundaogkattafóður Eyjafirði*.

---

## Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Klósettpappír og eldhúsrúllur: 48 WC-rúllur kosta 6.500 kr og 15 eldhúsrúllur 3.500. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdís í síma 848-7214 eða í tölvupósti á netfangið [jonav@internet.is](mailto:jonav@internet.is).

### Ströndungar 60+

Gleðilegt nýtt ár. Nú er komið að því að taka upp þráðinn frá fyrra ári og koma saman í Safnaðarstofunni á Þriðjudagsmorgnum. Hópurinn sem hittist fyrir jóla ákvað að halda áfram að hittast og vonast til að fleiri bættist í hópinn. Það var spjallað, ýmislegt rifjað upp og spáð í vísnaátúr yfir góðu morgunkaffi. Er eitthvað sem hópurinn vill gera saman eða stuðla að, að verði gert?

Hittumst aftur þriðjudaginn 27. janúar kl 10:30. Í febrúar þann 3., 10. 17. og 24.

1 Birna og 2 Önnur



**Gleðilegt ár kærur ströndungar!**

Þorralótið verður 7. febrúar 2015  
Þema kvöldsins verður

*„Sviðsljósíð“*

Húsið opnar kl. 19.30  
Dagskrá hefst kl. 20.30  
Miðaverð 3500 kr  
Matur í boði Kjarnafæðis

Miðapantanir og upplýsingar  
á hreppsskrifstofu í síma:  
464-5500 eða  
[postur@svalbardsstrond.is](mailto:postur@svalbardsstrond.is)

Þröstur, Dagbjört, Gylfi, Kristín, Harpa, Valtýr, Anna Karen og Vilhjálmur

Aðgöngumiða má greiða/panta á skrifstofu hreppsins (ekki með korti) á daglegum opnunartíma eða með innleggi á reikning 0162-26-263500 kt. 640269-2279 og senda staðfestingu á [postur@svalbardsstrond.is](mailto:postur@svalbardsstrond.is).

Miða má nálgast á skrifstofu hreppsins alla virka daga eða þri 3. febrúar kl. 19:00-22:00